

STAÐA MÁLS

Málnr.: **19-158F043**

Dags: **28. október 2019**

Staður: **Flugbraut 01 á Keflavíkurflugvelli**

Lýsing: **Rann út af flugbrautarenda eftir landingu**

Staða máls: **Október 2020: Lokadrög eru í umsögn**

Klukkan 06:03 þann 28. október 2019 lenti flugvél N812AM (BAE 125 series 800A) á flugbraut 01 á Keflavíkurflugvelli.

Að lokinni landingu ók flugmaður flugvélarinnar henni út að enda flugbrautarinnar, þar sem að flugumferðarstjóri hafði beðið hann að rýma flugbrautina á akvegi N við norðurenda flugbrautarinnar.



Þegar flugvélin nálgast enda flugbrautarinnar, náði flugmaður hennar ekki að hægja nægilega á flugvélinni vegna háلكu á flugbrautarendanum og rann flugvélin út af flugbrautarendanum og inn á öryggissvæði utan flugbrautarinnar. Stöðvaðist flugvélin að lokum við enda öryggissvæðisins.

Á meðan unnið var að því að fjarlægja flugvélina, var flugbraut 01/19 á Keflavíkurflugvelli lokuð. Við það lokaðist flugvöllurinn þar sem að flugbrautum 10/28 hafði ekki verið haldið opnum þessa nótt. Rannsóknin beindist að háلكuvörnum á Keflavíkurflugvelli.